

Skýrsla Vallarnefndar Skugga 2013

Þegar í ljós kom að hestamannafélagið Faxi hafi hlotið þann heiður að halda Íslandsmót í hestaíþróttum var samið við Hestamannafélagið Skugga um að fá að nota aðstöðu og keppnisvöll okkar hér í Borgarnesi fyrir Íslandsmótið.

Það skal tekið fram strax í upphafi, að svæðið var fengið að láni og þar með hlaut vallarnefnd Skugga það hlutverk að sjá um allan undirbúning reiðvalla svæðisins og keppnisaðstöðu í Borgarnesi.

Nefndin hóf undirbúning að endurbótum svæðisins, í kring um páska. Gekk verkið hægt en örugglega. Ákveðið var að endurbyggja alla þá aðstöðu sem áður var búið að byggja upp fyrir fjölda mörgum árum. Endurunnir voru hlýðnivöllur og æfingavöllur en sjálfur keppnisvöllurinn var þegar kominn í gagnið, árið áður. Bætt var efni í brautir og nýjar girðingar reistar á svæðinu. Grafnar voru nokkrar drenlagnir niður á þeim stöðum sem þurfa þótti.

Einnig voru reiðvegir að svæðinu lagaðir. Reynt var jafnframt að snyrta og fegra svæðið í kring eftir því sem tími og mannskapur leifði.

Mikið af jarðvegsefnum fór í að búa til ramp undir startbás fyrir skeiðkeppni en ekki tókst að ljúka frágangi á enda brautar þar sem aðalakstursleið liggur þvert á skeiðbrautina að hesthúsahverfi Skugga.

Þegar líða tók á sumarið þurftu menn heldur betur að spýta í lófana og klára sína vinnu enda stutt í mót. Hægt er að segja að vallarnefndarmenn og þeir sem gáfu sér tíma til að aðstoða þá hafi unnið dag og nótt við undirbúning og lagt til ómælda vinnu í að gera svæðið sem veglegast alveg fram á síðustu stundu.

Íslandsmótið heppnaðist vel og óhætt er segja með sannri að flest allir hestar og knapar hafi verið ánægðir með keppnisvöllina og alla umgjörð vallarsvæðisins.

Fh. Vallarnefndar Hmf. Skugga.

Pétur Ísleifur Sumarliðason, form.